

Miðvikudaginn 25. janúar 1995.

Nr. 332/1993.

Kristinn Þ. Jenson

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

Íslandsbanka hf.

(Jón G. Briem hrl.)

Málskostnaðartrygging.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Mál þetta var þingfest í Hæstarétti 1. október 1993. Í greinargerð stefnda, sem barst réttinum 16. desember 1994, var þess krafist, að áfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu.

Áfrýjandi krefst þess, að kröfu stefnda verði hafnað og stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað í þessum þætti málsins.

Rök stefnda eru þau, að bú áfrýjanda hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 24. febrúar 1994. Hinn 10. nóvember 1994 hafi skiptastjóri gefið út yfirlýsingu um, að þrotabúið tæki ekki við rekstri málsins. Séu allar líkur á, að áfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Þótt krafan hafi ekki verið gerð við þingfestingu málsins, sé hún fram komin, um leið og tilefni gafst. Byggir stefndi kröfu sína á b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 166. gr. sömu laga, sbr. 20. gr. laga nr. 38/1994.

Af hálfu áfrýjanda er kröfu stefnda mótmælt með þeim rökum, að stefnda hafi borið að setja fram kröfu sína um málskostnaðartryggingu við þingfestingu málsins. Bú áfrýjanda hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu stefnda á grundvelli árangurslausrar löggæmslu samkvæmt héraðsdómi í máli þessu, en hún fór fram 15. desember 1993. Stefnda hafi því verið kunnugt um efnahag áfrýjanda þegar við þingfestingu málsins.

Telja verður, að stefnda hafi verið kunnugt um efnahag áfrýjanda ekki síðar en 15. desember 1993. Þykir krafa hans því of seint fram komin.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Ályktarorð:

Kröfu stefnda, Íslandsbanka hf., um málskostnaðartryggingu er hafnað.
